

## **Kennsluleiðbeiningar – Jæja 2. Íslenska fyrir byrjendur.**

Líkt og í *Jæja 1* er lögð áhersla á að auka orðaforða og nýr orðaforði er víða kynntur með myndum þar sem ekki er alltaf hægt að nota „millimál“ (e. interlanguage). Sem fyrr er lítið um eiginleg málfræðihugtök en sums staðar bent á leiðir til að kenna málfræði í kennsluleiðbeiningum þar sem efnistösk gefa tilefni til. Jafnframt er lítið um eyðufyllingar en til stendur að bjóða upp á gagnvirkar æfingar á vefnum Formative í líkingu við þær sem fylgja með *Jæja 1*. Þær æfingar eru þó ekki komnar í gagnið þegar þetta er skrifað.

Við hvetjum nemendur eindregið til að nota stílabók og skrá ný orð og þýðingu þeirra yfir á sitt eigið móðurmál. Við stingum enn fremur upp á að nemendur velji sér 3–5 orð úr hverjum kafla og skrifi í stílabók og reyni síðan að búa til setningar í kringum orðin. Það mætti hugsa sér að þetta væri hluti af námsmati, jafnvel að nemendur læsu setningarnar inn og sendu kennara t.d. í gegnum Formative.

Eins og í *Jæja 1* hafa kaflarnir fengið nöfn sem eru fengin að láni úr íslenskum popplögum. Hér er búið að safna þeim saman á einn stað:

<https://open.spotify.com/playlist/40KDW6ouRLetj9ointkkoo?si=xWyuVOWXSe63NfBZF13hxQ>

Við minnum á að þessar kennsluleiðbeiningar eru einungis hugmyndir og misjafnt hvað hentar hópum og kennurum. Það ber ekki að fara eftir þeim frá A til Ö heldur velja það sem passar hverjum hóp og kennara.

## Kafli 1. Ryksugan á fullu.

Í þessum kafla er farið yfir húsverk, matseld og bakstur og þau áhöld sem notast er við. Einnig förum við í sund, sumarbústað og á leikvöll.

Bls. 7. Hér er upplagt að fara yfir hvaða húsverkum nemendur þurfa að sinna. Gott er að fá sjálfboðaliða til að lesa upp textana og ræða aðeins um framburð. Það gildir um alla texta bókarinnar. Einnig er upplagt að spyrjast fyrir um hvernig þessu er háttað í heimalöndum nemenda. Hvort það sé algengt þar að unglingar aðstoði til dæmis við matseld, þrif eða annað.

Bls. 8–9. Hér má hugsa sér að rifja stuttlega upp kaflana um eldhús og baðherbergi úr *Jæja 1*, til dæmis með því að spila Kahoot úr algengum nafnorðum (<https://create.kahoot.it/share/kafli-4-eldhus-og-ba/750c75bd-21ef-40c0-9e1c-f52a9c500489>) eða (sem er aðeins erfiðara) sagnorðum (<https://create.kahoot.it/share/kafli-4-eldhus-ba-sagnir/0afb1e9a-010e-4dab-b4c5-5495af9501d4>).

Eftir þessar þrjár blaðsíður væri hægt að fá nemendur til að taka upp stutt myndband þar sem þau finna til áhöld til eldunar eða þrifa og sýna og búa til stuttar setningar. Eitthvað í þessa átt: „Þetta er straujárnr. Ég nota það til að strauja.“

Upplstur af bls. 7–9. Látið nemendur skrifa í stílabók. Hér þarf kennari að meta hvort nemendahópurinn megi fletta í bókinni á meðan lesið er eða ekki.

*Mér finnst leiðinlegt að kaupa inn. En mér finnst skemmtilegt að elda mat. Það er algengt að fjölskyldur þrifi á fimmtudögum.*

Bls. 10. Hér er til dæmis hægt að fara yfir álegg á pizzum. Ef hópurinn stendur vel má reyna að fá þau til að mynda setningar eins og „Ég vil fá skinku á pizzu“ og benda á nefnifall/polfall. Sósa=>sósu, kjúklingur=>kjúkling, ostur=>ost og svo framvegis út frá orðum sem enda á -ur, -a (kvk) og -i (kk). Við höfum líka skoðað hvað pizza kostar í heimalandi nemenda og borið það saman við kostnað á Íslandi (sjaldnast er það okkur í hag). Einnig má minnst á orðið (vatns)krani og benda um leið á byggingarkrana. Einnig má hugsa sér að setja saman með nemendum leiðarvísi um hvernig pizza er gerð til að fá fram orð eins og hveiti, ger, olía, hnoða, hefast, fletja, kökukefli og fleira.

Upplstur af bls. 10:

*Hvaða álegg finnst þér best á pizzu? Mér finnst gott að hafa sveppi, skinku og ost. Hver er uppáhaldsdrykkurinn þinn?*

Bls. 11. Hér er hægt að setja saman texta með nemendum um hvernig farið er í sund til að fá fram orðaforða eins og afgreiðsla, geyma, búningsklefi, skápur, lykill, lás, læsa, sturta, þvo.

Þetta veggspjald hefur einnig komið til umræðu og má finna hér til að varpa upp:

<https://www.visir.is/i/org/63BCC0BE6D4A5705DCA5FEFBE1F946AB7E10EFE4BF2A620449E99FD9B91351F0.jpg>

**ATHUGIÐ!**  
Gestir skulu þvo sér án sundfata áður en gengið er til laugar.

**OBSERVE!**  
Every guest is required to wash thoroughly without a swimsuit before entering the pools.

**BEMÆRK!**  
Alle gæster må vaske sig uden badetøj inden de går i svømmebassinet.

**ACHTUNG!**  
Alle Gäste müssen sich mit Seife und ohne Badeanzug waschen ehe sie in das Schwimmbad gehen.


**ATTENTION!**  
Les baigneurs sont tenus a se laver au savon sans maillot de bain avant d'entrer dans la piscine.

**UWAGA!**  
Przed przejściem do basenu prosimy o skorzystanie z prysznicza bez bielizny kąpielowej.



Bls. 12: Matarboð. Upplagt að fá nemendur til að kynna hvernig algengur kvöldmat er á þeirra heimili, eða hvernig matarboð eru. Í sterkum hópi höfum við líka rætt um hvernig veislur, t.d. brúðkaup, fara fram, hvað sé borðað og hvaða hefðum sé fylgt. Einnig hvort trú sé mikilvæg þegar brúðkaup eru annars vegar.

Bls. 13: Þessi mynd hér fyrir neðan hefur nýst ágætlega til að fjalla um afstöðu. Spyrja nemendur t.d. hvar er mús nr. 1? Eða hvaða mús er ofan á?



Upplstur af bls. 11–13: Dóra finnur ekki sundfötin sín. Mamma hennar spyr hvort hún hafi gáð undir handklæðið. Sundgleraugun voru við hliðina á sundhettunni.

Bls. 14. Hér mætti hugsa sér að bera saman barnaleiki í heimalöndum nemenda. Einu sinni uppgötvuðum við að sami söngurinn var sunginn við sama leikinn í mjög fjarlægum og ólíkum löndum. Hér má líka fjalla aðeins betur um orðið **renna** og orðasambönd eins og að renna sér á skíðum og orðin rennilás og (vatns)rennibraut.

Bls. 15. Það gæti verið hugmynd að fá nemendur til að koma með eigin uppskriftir og setja saman uppskriftahefti. Það á ekki síður við aftar í bókinni, á bls. 39–40.

Bls. 16. Líkt og í fyrri bók er aftasta síða hvers kafla hugsuð sem yfirlitssíða þar sem nemendur geta merkt við þá þætti sem þeim þykir þeir hafa náð valdi á. Myndirnar uppi til hægri eru allar úr kaflanum og nemendur eru hvattir til að finna þær til að rifja upp orðin.

Upplstur af bls. 10: *Foreldrar Helgu vinna til klukkan hálfsex. Þess vegna sækir Helga stundum litla bróður sinn á leikskólann. Bróðir hennar elskar að leika sér úti.*

Hér er Kahoot úr fyrsta kafla: <https://create.kahoot.it/details/12d616ab-a71c-417d-aeb1-22e47b779b84>

Hér er Quizlet úr fyrsta kafla: <https://quizlet.com/is/1047198545/jaeja-1-kafli-1-flash-cards/?i=bboqr&x=1qqt>

## Kafli 2. Vinir mínir eru góðir.

Í þessum kafla er fjallað um veislur en einnig um framtíðaráform, möguleika til náms og áhugasvið sögupersóna auk þess sem drepíð er á vinnu með skóla. Í þessum kafla er markvisst rifjaður upp orðaforði úr *Jæja 1* auk þess sem nýjum orðum er bætt við.

Bls. 17. Í tengslum við þennan texta má vel hugsa sér að bera saman afmælisveislur í mismunandi löndum. Er sunginn afmælisöngur? Eru kerti á afmælisökunni og blæs afmælisbarnið á þau? Hvers konar veitingar eru algengar í barnaafmælum og hvaða afmælisgjafir? Eru einhverjar aðrar hefðir í kringum afmæli?

Upplstur af bls. 17: *Finnst þér gaman að hlusta á tónlist? Syngur þú kannski með? Helga á afmæli og býður vinum sínum.*

Bls. 18–23. Þennan kafla má vel dýpka ef það hentar hópnum. Það er upplagt að leyfa nemendahópnum að heimsækja skóla eða kynna honum námsleiðir, en svo má einnig benda á síðuna <https://naestaskref.is/is> þar sem má finna hafsjó af upplýsingum um námsleiðir og störf. Það mætti til dæmis hugsa sér að láta nemendur kynna sér eitthvert nám eða starf og halda stutta kynningu fyrir framan bekkinn.

Það mætti líka skipta nemendum í litla hópa (3–4 saman) og láta þá velja eina persónu út textunum. Gera svo veggspjald þar sem starfið og áhugamál hennar eru útskýrð með myndum og stuttum setningum. Hver hópur myndi svo kynna þetta fyrir bekknum.

Upplstur af bls. 18: *Árni elskar tónlist og er í hljómsveit. Hann spilar á trommur. Hann er að safna fyrir gítar núna. Árni er skotinn í Elsu.*

Upplstur af bls. 22: *Malala finnst gaman að elda mat. Hana langar að verða kokkur. Sam er í Tækniskólanum. Þar lærir hún að klippa og lita hár.*

Bls. 23. Hér er aukaæfing til að æfa forsetningarnar á bls. 23.

Ég bý \_\_\_ Reykjavík.

Hún setti bókina \_\_\_ borðið.

Hann er alltaf \_\_\_ tölvunni sinni.

Við ætlum að fara \_\_\_ bíó í kvöld.

Þeir töluðu \_\_\_ ferðalagið sitt til Íslands.

Ég fer í skólann \_\_\_ strætó.

Hún hitti vini sína \_\_\_ kaffihúsinu.

Við borðuðum kvöldmatinn \_\_\_ fjölskyldunni.

Ég ætla að spila fótbolta \_\_\_ vinum mínum á morgun.

Kennarinn talaði \_\_\_ forsetann.

Bls. 24. Hér er upplagt að skoða hvernig vinnu með skóla er háttáð hjá öðrum þjóðum; hversu algengt það er að nemendur vinni með skóla og hvernig launin eru. Í því samhengi mætti hugsa sér að skoða hvað gjaldmiðlar heita í heimalöndum nemenda og hvernig þeir standa í samanburði við íslenska krónu. Hér má finna lista yfir gjaldmiðla heimsins ef þörf krefur:

[https://is.wikipedia.org/wiki/Listi\\_yfir\\_gjaldmi%C3%B0la\\_%C3%AD\\_notkun](https://is.wikipedia.org/wiki/Listi_yfir_gjaldmi%C3%B0la_%C3%AD_notkun)

Upplestur af bls. 25: *Mig langar að læra að verða múrari. Þá get ég keypt íbúð og ýmislegt annað. Ég hef áhuga á alls konar hlutum.*

Hér er Kahoot úr öðrum kafla: <https://create.kahoot.it/details/b6ccb5a5-eb4d-4fb3-a6c5-4bfff3abb0b8>

Hér er Quizlet úr öðrum kafla: <https://quizlet.com/is/1047200732/jaeja-2-kafli-2-flash-cards/?i=bboqr&x=1jqt>

### Kafli 3. Traustur vinur.

Í þessum kafla er fjallað um hjátrú, álfa og stjörnuspá, og í tengslum við stjörnuspá farið út í persónulýsingar. Þarna er líka rætt um ýmiss konar nágranna og einnig drepð á stjörnmál. Auk þess er smá kafli um samkynhneigð, jafnrétti og virðingu. Þaðan er haldið upp í sveit þar sem er meðal annars fjallað um dýr.

Bls. 27. Hér mætti dýpka umræðuna um álfa og jafnvel skoða eftirfarandi texta um Álfhól í Kópavogi: <https://ferlir.is/alfholl-skilti/>

Komið endilega af stað umræðum um vætti í löndum nemenda, eins og t.d. El Silbón í Venesúela og Kólumbíu, Baba Yaga, sem er þekkt í slavneskum löndum, eða ýmsa dreka í austurasískri þjóðtrú.

Ennfremur mætti skoða tröll og/eða drauga í íslenskri þjóðtrú og ef jólin eru í nánd er dauðafæri að fjalla um Grýlu og jólasveinana.

Bls. 27–28. Stjörnuspá.

Það mætti hugsa sér að kafa dýpra í stjörnumerkin og sjá hvort nemendur sjái sjálfa sig í þeim persónulýsingum sem fylgja hverju merki. Einnig mætti skoða hvort stjörnumerki séu hluti af menningu nemenda. Á næstu síðu fylgja persónulýsingar á einföldu máli sem má prenta út fyrir nemendur eða varpa upp. Þar er hægt að láta nemendur giska á í hvaða stjörnumerki sessunauturinn er út frá persónueinkennum.

Upplstur af bls. 27–28: *Trúir þú á álfa? Hvenær átt þú afmæli? Elsa er mjög skipulögð. Hún hefur líka mikið sjálfstraust.*

Bls. 29

Traust vinkona er vinkona sem er alltaf vinkona mín. Það þýðir að þótt við gerum mistök, þá tölum við saman um mistökin, hlustum hvor á aðra, reynum að skilja hvor aðra og síðan erum við áfram vinkonur.

Hér hefur textanum verið breytt í karlkyn: Traustur vinur er sá vinur sem er alltaf vinur minn. Það þýðir að þótt við gerum mistök, tölum við saman um þau og hlustum hvor á annan. Við reynum að skilja hvor annan og erum síðan áfram vinir.

Þarna má skoða muninn á karlkyni og kvenkyni og benda á orðasambandið **hvor annar**.

Upplstur af bls. 29–30: *Það er gott að eiga traustan vin eða vinkonu. Nágranni minn hjálpar mér oft. Hann er ekki erfiður nágranni. Hann nennir alltaf að þrifa sameignina.*

Dæmi um reglur í fjölbýlishúsi:

*Íbúar eiga að ganga þrífalega og hljóðlega um íbúðir.*

*Eftir kl. 24.00 og til kl. 7.00 á að vera friður og ró.*

*Allir eiga að taka þátt í að þrifa sameign.*

Hér er boðhátur notaður og gæti verið tilefni til að skoða hann í mismunandi sögnum og hvernig hann virkar í íslensku.

Hér má hugsa sér að ræða um hvernig góðir nágrannar eru. Jafnvel mætti kalla fram sögur af slæmum nágrönnum ef nemendur luma á slíkum.

## Stjörnumerki og persónuleiki

- 1. Hrútur (21. mars – 19. apríl)**  
Sterkur, hugrakkur og ávallt tilbúinn.
- 2. Naut (20. apríl – 20. maí)**  
Rólegur, traustur og elskar góðan mat.
- 3. Tvíburar (21. maí – 20. júní)**  
Félagslyndur, forvitinn og talar mikið.
- 4. Krabbi (21. júní – 22. júlí)**  
Góðhartaður, tilfinningaríkur og elskar fjölskylduna.
- 5. Ljón (23. júlí – 22. ágúst)**  
Sjálfsöruggur, glaðlyndur og vill vera í sviðsljósinu.
- 6. Meyja (23. ágúst – 22. september)**  
Skipulögð, dugleg og elskar að hjálpa öðrum.
- 7. Vog (23. september – 22. október)**  
Vingjarnleg, réttlát og vill frið.
- 8. Sporðdreki (23. október – 21. nóvember)**  
Ástríðufullur, ákveðinn og leyndardómsfullur.
- 9. Bogmaður (22. nóvember – 21. desember)**  
Ævintýragjarn, opinn og elskar ferðalög.
- 10. Steingeit (22. desember – 19. janúar)**  
Duglegur, þolinmóður og vinnusamur.
- 11. Vatnsberi (20. janúar – 18. febrúar)**  
Frumlegur, sjálfstæður og hugsar stórt.
- 12. Fiskar (19. febrúar – 20. mars)**  
Næmur, hugmyndaíkur og elskar að dreyma.

Bls. 31. Ef það er hægt að koma við heimsókn á Alþingi er það upplagt. Hér eru upplýsingar um hvernig er hægt að skipuleggja heimsóknir og hvað er í boði: <https://www.althingi.is/um-althingi/heimsoknir-i-althingishusid/heimsoknir-hopa-i-althingishusid/>

Á þessari síðu kemur fram orðið **mynda** sem er ekki auðvelt og tilefni til að útskýra það betur.

Hér er einnig rætt um þjóðbúninga. Auðvelt er að finna myndir af þjóðbúningum ýmissa landa, til dæmis á [Pinterest](#). Það gæti gefið tilefni til að skoða þjóðbúninga frá löndum nemenda og jafnvel rifja upp lýsingarorð um liti og mynstur ef nemendur þurfa að lýsa þjóðbúningum, s.s. röndóttur, köflóttur, doppóttur, rósóttur og svo framvegis.

Bls. 32. Þessi síða kallar á umræður í bekknum um jafnrétti og fjölbreytileika. Til dæmis mætti taka mikilvæg orð eins og virðing, jafnrétti, lýðræði og ábyrgð og útbúa veggspjald þar sem þessi orð eða önnur sambærileg eru listuð upp og þýdd á tungumál nemenda í bekknum. Ef til vill má fá nemendur í lið með sér að velja þau gildi sem þeir telja mikilvæg og setja upp á vegg með þýðingum.



Dæmi um svipað verkefni úr Tækniskólanum í Reykjavík.

Bls. 33 Hér er rætt um ólík fjölskyldumynstur og því er ef til vill tilefni til að rifja upp heiti á fjölskyldumeðlimum og jafnvel bæta við fleirtölu (systir=>systur, bróðir=>bræður, frænka=>frænkur o.s.frv.).

Ef við á, er hægt að láta nemendur gera ættartréð sitt og skila því til kennara eða hengja það upp.

Upplstur af bls. 31–33: *Við kjósum fólk til að stjórna. Það þarf að virða lög og reglur. Sigga á fjögur systkini. Ingvar á tvo eldri bræður og eina yngri systur.*

Bls. 34–35

Sumir nemendur hafa áhuga á að læra um hvað karldýr, kvendýr og afkvæmi þeirra heita. Jafnvel líka um hljóðið sem dýrið gefur frá sér. Stundum höfum við sett upp töflu og fyllt út með nemendum, sbr. hér fyrir neðan. Okkur hefur reynst best að varpa skjalinu upp á skjá og fylla út með nemendum en ekki að afhenda þeim beint útbúið skjal. Svo er hægt að deila skjalinu með þeim síðar eða prenta það út fyrir þá sem vilja.

Karlkyn	Kvenkyn	Afkvæmi	Hljóð
Högni	Læða	Kettlingur	Að mjálma
Hundur	Tík	Hvolpur	Að gelta

Einnig má hugsa sér að rifja upp orðin úr persónulýsingum og fá nemendur til að lýsa dýrum eins og t.d.: Hundur er tryggur og traustur. Köttur er skemmtilegur og hefur sjálfstraust. Það er áreiðanlega hægt að kalla fram fleiri lýsingarorð sem nemendur vilja læra til að lýsa dýrum eða mönnum.

Þarna kemur líka fram orðið **að bera** og ef til vill er ástæða til að skoða margar mismunandi merkingar þess, líka með forsetningum eins og **bera á, bera af** eða t.d. að bera ábyrgð, sem var notað á bls. 32.

Upplestur af bls. 34–35: *Bóndi býr í sveit. Sumir bændur eru með dýr, aðrir rækta grænmeti. Búskapur getur verið erfiður á Íslandi.*

Hér er Kahoot úr þriðja kafla: <https://create.kahoot.it/details/d7cf22bd-7781-4a8c-a4e3-f1a106c1814a>

Hér er Quizlet úr þriðja kafla: <https://quizlet.com/is/1047210801/jaeja-2-kafli-3-flash-cards/?i=bboqr&x=1jqt>

#### Kafli 4. Súrmjólk í hádeginu og Seríós á kvöldin.

Hér er aðalumræðuefnið matur og matseld auk þess sem aðeins er drepíð á útivist.

Bls. 37. Hér er minnst á jarðvarma sem ef til vill er ástæða til að setja í samhengi við þær jarðhræringar sem hafa verið síðustu ár. Þá má fara í orðaforðann og nota orð eins og eldgos, eldfjall, jarðskjálfti, hraun og fleira. Einnig má ræða um orðhluta eins og Reykja- í Reykjavík og Reykjanes og sundlaugamenningu Íslendinga og setja í samhengi við jarðhita.

Hér er Kahoot sem snýr að orðaforða um eldgos: <https://create.kahoot.it/share/eldur-og-is/f9d2eedb-9fa7-4174-8d37-407eac4047db>

Bls. 38. Hér er rætt um aðferðir við matseld og sagnir. Í því samhengi má rifja upp og bæta í nafnorðahópinn orðum eins og t.d. hnífur, spaði, hrærivél og kökukefli.

Einnig mætti ræða um fleira „íslenskt bakkelsi“ s.s. kleinur eða súkkulaðisnúða og bera saman við bakkelsi frá löndum nemenda. Hér má finna [lista yfir ýmislegt bakkelsi](#) víða að.

Svo er sígilt að ræða um orðið **álegg** og fá nemendur til að fara yfir uppáhaldsálegg sitt á pizzur og ef til vill ræða um hvað þeim finnst um ananas á pizzur. Oftast eru mjög skiptar skoðanir um það.

Upplstur af bls. 37–38: *Bóndi býr í sveit. Sumir bændur eru með dýr, aðrir rækta grænmeti. Búskapur getur verið erfiður á Íslandi.*

Bls. 39–40. Hér mætti búa til matreiðslubók bekkjarins hafi það ekki verið gert á bls. 15. Eða bæta við hana ef ástæða er til. Þarna eru orð eins og **sjóða** og **steikja** rifjuð upp úr *Jæja 1* og ef til vill mætti bæta við orðum eins og **gufusjóða**, **baka**, **djúpsteikja**, **grilla** og ef til vill fleirum.

Ef kennara þykir hópurinn vera reiðubúinn til þess, þá er hægt að kynna lýsingarhátt þátíðar hér þar sem nokkrar sagnir eru í lh.þt. í fyrri hluta textans. Það verður kennari þó að vega og meta.

Einnig má fjalla um **meðlæti** og fá bekkinn til að lista upp meðlæti með mat.

Á bls. 40 eru **svið** nefnd. Þau eru síður en svo alíslenskur matur og vel þekkt allt frá Mongólíu til Mexíkó og eru einnig algeng í Miðausturlöndum. Mörgum finnst þau þó mjög skrýtin eða jafnvel ógeðsleg. Hér er gráupplagt að spyrja nemendur hvað sé skrýtnasti matur sem þau hafi lagt sér til munns.


Ef til vill má líka ræða þorramat, einkum og sérílagi ef þorrinn er á næsta leiti.

Bls. 41. Þarna er ágætis upprifjun á orðaforða úr *Jæja 1*. Það mætti hugsa sér að láta nemendur útbúa veggspjald sem fjallar um náttúruperlu í þeirra landi (eða landi sem þau kjósa sér) og kynna hana svo fyrir bekknum. Það gæti vel fest orð sem tengjast þessu í sessi hjá nemendum.

Upplstur af bls. 39–42: *Það er gott að steikja fisk á pönnu. Á sunnudögum fara margir í göngu. Síðan elda þeir kannski lambalæri. Mundu að taka nesti með.*

Bls. 43. Hér má kafa miklu dýpra ef ástæða þykir til og biðja nemendur að koma með pakkningar af mat að heiman. Einnig má varpa upp myndum af næstu blaðsíðu og biðja nemendur að flokka þær í „Hollt“ og „Óhollt“ og færa rök fyrir af hverju varan fellur í þennan flokk en ekki hinn. Svo má gjarnan ræða um muninn á hollu og óhollu og góðu og vondu.

## Hollt / Óhollt ... og af hverju?



Bls. 44–45. Hér má prófa að nota gervigreind, t.d. ChatGPT, og biðja hana að fara í hlutverkaleik með nemendum. Fyrir neðan eru fyrirsmæli (e. prompt) sem má senda nemendum og biðja þá um að líma þau inn í ChatGPT, t.d. í sínum sínum. Claude.ai virkar líka mjög vel.

Slóðin á ChatGPT er: <https://chatgpt.com/>

Og Claude.ai: <https://claude.ai/>



Við ætlum að fara í hlutverkaleik. Þú ert þjónn á íslenskum veitingastað og ég er viðskiptavinur. Þú byrjar samtalið með því að spyrja mig hvort ég eigi bókað borð. Eftir það bíður þú alltaf eftir svari mínu áður en þú heldur áfram. Þú spyrð mig einfaldra spurninga um hvað ég vilji borða og drekka og kynnir rétt dagsins. Ef ég tala vitlaust, leiðréttu mig þá á jákvæðan hátt. Hrósaðu mér líka ef ég stend mig vel. Haltu setningunum einföldum þar sem ég er á A1/A2-stigi í íslensku.

Þarna ættu að verða til mismunandi samtöl eftir því hverju nemandinn svarar hverju sinni.

Hér er Kahoot úr fjórða kafla: <https://create.kahoot.it/details/bd17f08b-d6fb-4d06-95a3-43cc81c7f5bb>

Hér er Quizlet úr fjórða kafla: <https://quizlet.com/is/1048584962/jaeja-2-kafli-4-flash-cards/?i=bboqr&x=1qqt>

## Kafli 5. Gamli skólinn.

Í þessum kafla eru orð tengd skóla rifjuð upp og fleirum bætt við. Einnig er dregið á iðnnám og háskólanám og fjallað um félagslíf nemenda auk framtíðaráforma þeirra. Kaflinn kallast á við ýmislegt í *Jæja 1* en hér er kafað mun dýpra í orðaforða og efni.

Bls. 47–49. Á næstu blaðsíðum er sýndur ratleikur sem við notuðum í Tækniskólanum. Hann krefst talsverðs undirbúnings, sérstaklega þarf að ganga úr skugga um að allir viðmælendur verði á staðnum þegar nemendur fara af stað en þeir sem leysa verkefnið vel af hendi læra mjög mikið af því.

Til að sem flestir nemendur gætu talað við sem flesta, voru búnar til nokkrar útgáfur af leiknum og ekki fengu allir viðmælendur sömu spurningar.

Það er vissulega nokkur vinna að útbúa svona ratleik í hverjum skóla en oftast er hægt að nota hann ár eftir ár, og þetta getur auk þess verið prýðileg leið til að kynna skólann og starfsmenn hans fyrir nemendum, auk þess að auka við orðaforða þeirra.

Nöfn: \_\_\_\_\_

1. Þið skuluð ganga út úr stofunni og beygja til vinstri. Gangið eftir ganginum þar til þið komið að tröppum. Gangið niður tröppurnar, niður á fjórðu hæð. Hversu **margar eru tröppurnar**?
2. Þegar þið komið niður á fjórðu hæð skuluð þið beygja til vinstri og ganga út að glugganum. Fyrir utan er gult hús með rauðu þaki. Hversu **margir skorsteinar** eru á húsinu?
3. Snúið nú við (180 gráður) og gangið eftir ganginum. Á vinstri hönd er stofa sem heitir eftir konu (Wanda Rutkiewicz). **Frá hvaða landi** var hún? Það stendur á glugganum.
4. Haldið áfram eftir ganginum og þá sjáið þið skápa á vinstri hönd. Skápur númer 38. **Hvernig er lásinn á litinn**? \_\_\_\_\_
5. Þegar þið komið út af ganginum komið þið að lyftunni. Á veggnum hægra megin er **slökkvitæki**. Takið mynd af því. 📷 1
6. Nú skuluð þið ganga niður tröppurnar, niður á þriðju hæð. Beint fyrir framan ykkur er Framtíðarstofa. Númer hvað er hún? \_\_\_\_\_
7. Farið inn í Framtíðarstofu og talið við manninn sem er að vinna. Hvað heitir hann? \_\_\_\_\_  
Hvað finnst honum best á pizzu? \_\_\_\_\_
8. Gangið út úr Framtíðarstofu, hinum megin og að glugganum. Fyrir utan er verið að byggja hús. Vinstra megin við húsið eru **spýtur**. Takið mynd af þeim. 📷 2
9. Farið núna niður tröppurnar, niður á aðra hæð. Hér skuluð þið beygja til hægri og ganga eftir ganginum. Á vinstri hönd er stofa 202. Kíkið á stundatöfluna. Hvaða tími er klukkan 10:35 á þriðjudögum í þessari stofu? \_\_\_\_\_
10. Haldið áfram eftir ganginum og þegar þið komið að stórrí styttu skuluð þið beygja til hægri. Á hægri hönd er skrifstofa skólans. Farið inn á hana og talið við konu. Hvað heitir hún? \_\_\_\_\_  
Hver er upphaldslitur hennar? \_\_\_\_\_
11. Þegar þið eruð búin á skrifstofunni farið þið niður á fyrstu hæð. Þar beygið þið til vinstri og gangið upp nokkrar tröppur. Þar er Fasteignaþjónustan á vinstri hönd. Kannski er lokað, þá þarf að koma aftur seinna, en talið við menn þar. Nóg er að tala við einn. Hvað heitir hann? \_\_\_\_\_  
Hvert langar hann að fara í frí? \_\_\_\_\_
12. Farið núna til baka upp á aðra hæð, beygið til vinstri og gangið inn ganginn. Stoppið við stofu 220. Á móti stofunni er prentari. Takið mynd af honum. 📷 3

13. Haldið áfram út ganginn og beygið til vinstri. Beygið aftur til vinstri og inn í anddyri. Þar er merki á vegg sem er stjarna. Á stjórnunni er þríhyrningur og á honum er sirkill. Takið mynd af þessu. 📷 4
14. Farið til baka og beygið til vinstri og svo til hægri. Á vinstri hönd eru dyr á sem stendur Málari / Dúkari / Bólstrari. Við hliðina er glerskápur. Í skápnum er pensill. Takið mynd af honum. 📷 5
15. Farið niður tröppurnar og að glugganum. Fyrir utan gluggann eru grænir og svartir ruslagámar. Hvað eru þeir margir? \_\_\_\_\_
16. Haldið áfram niður tröppurnar. Á veggnum á hægri hönd eru skápar. Á þremur skápum eru bleikir lásar. Númer hvað eru þeir? \_\_\_\_\_. Nú eigið þið að leggja saman tölurnar þrjár = \_\_\_\_\_
17. Til vinstri er gangur og þar er lyfta. Farið inn í lyftuna og upp á þriðju hæð. Þar er mötuneytið. Í ísskápnum er til grjónagrautur. Hvað kostar hann? \_\_\_\_\_
18. Talið við starfsmann í mötuneyti. Hvað heitir hann/hún?

Hver er upphaldsmaturinn hennar/hans? \_\_\_\_\_

19. Gangið inn í matsal. Í enda hans er stytta af manni. Undir henni stendur nafnið Jón Þorláksson. Hver var hann?

20. Gangið til baka út úr matsal. Á hægri hönd, á móti ísskápum, er stórt blátt plakat. Þar stendur hvar sé hægt að fá hjálp. Hver er hjálparsími Rauða krossins? \_\_\_\_\_

21. Gangið nú áfram, beygið til hægri og svo til vinstri upp tröppur. Gangið upp 13 tröppur. Þar hanga myndir af nöktum konum. Hversu margar eru þær? \_\_\_\_\_

22. Haldið áfram upp tröppurnar, upp á fjórðu hæð. Beygið til vinstri inn ganginn. Gangið eftir ganginum. Á móti vinnurými kennara (nr. 418) er bekkur. Takið mynd af honum 📷 6


23. Haldið áfram eftir ganginum, beygið til vinstri, gangið inn ganginn og beygið svo til vinstri upp tröppurnar. Gangið svo inn á bókasafn og talið við starfsmann þar.

Hvað heitir hann/hún? \_\_\_\_\_

Hver er upphaldsbókin hennar/hans? \_\_\_\_\_

Komið nú aftur í stofuna og sýnið kennaranum.

Bls. 47. Hér er gott að rifja upp orðið *ókeypis*. Það má gera hugarkort út frá því, eitthvað svipað þessu með ykkar orðum:



Þarna er líka orðið *hafragrautur* sem ekki er víst að allir þekki. Það má hugsa sér að bera saman hvernig frímínútum er háttað í löndum nemenda. Hvort langar pásur (siesta) tíðkist á skóládögum og hvað nemendur geri almennt í pásam hér sem annars staðar. Svo er orðið *þyrstur* áhugavert. Andstæðan við *svangur* er *saddur* en orðið *þyrstur* virðist almennt ekki eiga sér andstæðu í nokkru tungumáli. Þarna er líka orðið *dót* sem má minnast á að hafi fleiri en eina merkingu í íslensku.

Bls. 48. Þarna (og á blaðsíðunum í kring) eru nokkrir staðir í skólum nefndir. Við höfum stundum sent nemendur út í myndaleiðangra og rifjað þar upp forsetningar eins og í, á, undir,

fyrir framan o.s.frv. Hér mætti senda nemendur út með lista af myndum sem þeir eiga að taka, s.s.:

Taktu mynd af:

- Síma á borði.
- Nemanda fyrir framan sófa.
- Tveimur nemendum í mötuneyti.

Hér er meðvitað notað þágufall og fleirtala til að fá nemendur til að draga ályktanir og koma þeim í kynni við fleiri orðmyndir.

Bls. 49. Hér kemur fyrir orðið *skrópa*. Það getur verið gaman að heyra af því hvernig tekið er á skrópi í löndum nemendanna. Einnig getur þarna verið tækifæri til að ræða mætingar nemenda og hvað F og S í kladda þýðir í raun og veru.

Þarna er líka orðið *fá lánað* en nemendur eiga stundum erfitt með að skilja muninn á að *lána* og að *fá lánað*. Það mætti hugsa sér hugarkort út frá orðunum *lána*, *leigja* og *kaupa*.

Á þessari síðu eru líka nokkur orð sem mætti skoða andstæður við. Það eru orð eins og lána (skila), eyða (tími), skrópa (mæta), erfið (auðveld) og því miður (sem betur fer). Eða samheiti eins og mjög mikið (rosalega, svakalega, virkilega o.fl.), erfið (þung) og hjálpa (aðstoða).

Upplstur af bls. 47–49. Ég þarf að drífa mig í tímann svo ég missi ekki af. Óli skrópar aldrei í íslensku. Ég bað um að fá lánaða bók en hún er í útláni.

Bls. 50. Við höfum rekið okkur á að margir nemendur halda að stúdentspróf sé eitt próf. Hér er upplagt að skoða myndrænt brautaruppbyggingu í ykkar skóla til að gefa nemendum hugmynd um hvað fram undan er. Það má einnig kalla fram fleiri starfsheiti í nemendahópnum. Þá má láta nemendur spyrja hvert annað út úr starfsheitunum á þessari síðu. Nemandi A gæti t.d. spurt nemanda B um starfsheiti manneskju sem er lýst með þessum hætti: „Þetta er manneskja sem saumar og gerir við föt“.

Hér eru einfaldar lýsingar fyrir þau starfsheiti sem er að finna á síðunni. Bætið endilega við þeim starfsheitum sem nemendur þekkja og stinga upp á.

Hársnyrtir – Manneskja sem klippir og litar hár á fólki.

Bifvélavirki – Manneskja sem gerir við bíla þegar þeir bíla.

Pípulagningamaður – Manneskja sem setur upp og gerir við vatnslagnir og klósett.

Sjúkraliði – Manneskja sem hjálpar veiku fólki á spítala eða hjúkrunarheimili.

Smiður – Manneskja sem byggir hús og gerir við hluti úr tré.

Rafvirki – Manneskja sem leggur rafmagn í hús og lagar raflagnir.

Klæðskeri – Manneskja sem saumar og gerir við föt.

Málari – Manneskja sem málar vegg og hús.

Bls. 51

Í *Jæja 1* kom orðið *nenna* fyrir og bent var á leiðir til að skoða það orð. Hafi það ekki nú þegar verið gert er upplagt að skoða þetta: „Á þessari blaðsíðu kemur orðið „nenna“ fyrir, sem er áhugavert og ekki auðþýðanlegt á öll tungumál. Tilvalið að ræða það og spyrja nemendur að því hverju þau nenna og nenna ekki. Dauðafæri að spila lag Teits Magnússonar „Nenni“

(<https://open.spotify.com/track/35Oo1VNikUTs1DFz5s4aqO?si=efcc4c77b8ba4b58>).“

Þarna eru fleiri talmálsorð eins og *spá í* og *skárna* sem er ástæða til að skoða. Það er tilvalið að fá nemendur til að búa til setningar með þessum orðum og e.t.v. fá þá nemendur sem það vilja til að lesa sínar upp fyrir bekkinn og ræða um þær.

Í tengslum við umræðu um brautaruppbyggingu á fyrri síðu gæti verið ástæða til að skoða heiti á fleiri fögum í íslenskum framhaldsskólum, en neðarlega á síðunni er einmitt minnst á stærðfræði og eðlisfræði.

Bls. 52. Hér er gott að tala aðeins um muninn á að *stefna á* eitthvað og *ætla að*. Þarna kemur líka fram orðið að *prufa að*. Það gæti verið góð hugmynd að fá nemendur til að búa til setningar um sig sjálfa og framtíðaráform sín til að fá betri tilfinningu fyrir þessum orðum. Sama gildir um orðið *stressandi* og það gæti verið gaman að fá nemendur til að tjá sig um hvað þeim þyki stressandi. Þarna er einnig talað um liti og form og ef til vill ástæða til að rifja það upp.

Svo er líka rætt um að teikna og þá gæti verið ástæða til að fara í smá teiknileik með nemendum. Sjá næstu síðu.

Teiknileikur: Nemendur eru paraðir saman 2 og 2 og fær hvert par sitt blað af orðum. Gott er að prenta það út og klippa niður eftir miðju. Teljari er settur á ca. 4–5 mínútur. Nemandi A byrjar að teikna fyrsta orðið sitt og nemandi B á að giska. Þegar nemandi B hefur giskað á rétt orð á hann að teikna sitt fyrsta orð og svo koll af kolli. Síðan er athugað hversu langt nemendur komast niður listann innan settra tímamarka.

<ul style="list-style-type: none"> <li>A. Kisa</li> <li>B. Skólataska</li> <li>C. Sími</li> <li>D. Gítar</li> <li>E. Tré</li> <li>F. Fartölva</li> <li>G. Strætó</li> <li>H. Brauð</li> <li>I. Skóli</li> <li>J. Sófi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>A. Fingur</li> <li>B. Lampi</li> <li>C. Skæri</li> <li>D. Körfubolti</li> <li>E. Klukka</li> <li>F. Hjólabretti</li> <li>G. Peysa</li> <li>H. Blokk</li> <li>I. Klósettpappír</li> <li>J. Tannbursti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>K. Tafla</li> <li>L. Gluggi</li> <li>M. Yddari</li> <li>N. Nef</li> <li>O. Hné</li> <li>P. Nammi</li> <li>Q. Flaska</li> <li>R. Blóm</li> <li>S. Hestur</li> <li>T. Fugl</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>K. Peningur</li> <li>L. Rúm</li> <li>M. Tjald</li> <li>N. Regnbogi</li> <li>O. Bátur</li> <li>P. Rigning</li> <li>Q. Bók</li> <li>R. Poki</li> <li>S. Eldavél</li> <li>T. Sjónvarp</li> </ul>

Bls. 53. Hafi það ekki verið gert gæti verið góð hugmynd að fá félagsmálafulltrúa, fulltrúa nemendafélags eða annan til þess bærán aðila til að koma í heimsókn og kynna félagslíf skólans. Sums staðar taka félagsmálafulltrúar vel í að búa til sérstök klúbbakvöld sem taka mið af áhugamálum nemenda.

Af orðaforða gæti orðið *skylda* verið gott til umfjöllunar og jafnvel að tengja það við hugtök eins og *skyldufag* ef kennari velur að kafa í brautaruppbyggingu skólans, sbr. bls. 50. Einnig er full ástæða til að rifja upp orðin *að bjóða sig fram* og *að kjósa úr Jæja 1*. Þar eru þau reyndar í lýsingarhætti þátíðar og annað í þolmynd. Ef hópurn er tilbúinn í umræðu um slíkt mætti gera það.

Upplestur af bls. 50–53. Ég spila borðtennis með vinum mínum í frímínútum. Ég ætla að sækja um í framhaldsskóla. Stundum nennir Elsa ekki að læra stærðfræði.
---

Bls. 54. Hér má hugsa sér að ræða meira um fög, hafi það ekki verið gert áður. Kannski mætti koma af stað þankahrið nemenda um fög í skólum (leyfa e.t.v. að nota Google Translate) og kennari skrifaði orðin upp á töflu.

Þarna kemur orðið útskrift líka fram og sögnin að útskrifast. Það má gjarnan útskýra hvernig útskrift fer fram í íslenskum skólum, útskriftarveislur, útskriftargjafir og þess háttar. Jafnvel bera þetta saman við hefðir í öðrum löndum.

Lítill æfing í **ef ... þá**. Tvær útgáfur. Annars vegar getur kennari prentað og klippt út hverja setningu og látið nemendur sitja í þörum og finna út hvaða setningar eiga saman. Í hinni útgáfunni geta nemendur parað saman en þar hefur röð setninganna verið ruglað.

Til að klippa út og vinna í þörum:

Ef ég stefni á að fara í háskólanám,	þá þarf ég stúdentspróf til að komast inn.
Ef þú nennir ekki að setja hluti saman,	þá verður verklegt verkefni erfitt.
Ef nemandi sækir um í leiklist,	þá þarf hann að fara í inntökupróf í skólann.
Ef nemendafélagið skipuleggur borðtennis,	þá koma margir nemendur í félagsstarf.
Ef þú ert góður í raungreinum,	þá er læknisfræði í háskóla kannski fyrir þig.
Ef nemandi fær BA-gráðu,	þá getur hann haldið áfram og fengið MA-gráðu.
Ef hún notar vatnsliti í listnámi,	þá lærir hún meira um litafræði.
Ef þú ætlar að verða rafvirki,	þá lærir þú að laga rafmagnstæki.

Einstaklingsverkefni

Ef ég stefni á að fara í háskólanám,	þá lærir hún meira um litafræði.
Ef þú nennir ekki að setja hluti saman,	þá þarf hann að taka inntökupróf í skólann.
Ef nemandi sækir um í leiklist,	þá koma margir nemendur í félagsstarf.
Ef nemendafélagið skipuleggur borðtennis,	þá þarf ég stúdentspróf til að komast inn.
Ef þú ert góður í raungreinum,	þá lærir þú að laga rafmagnstæki.
Ef nemandi fær BA-gráðu,	þá er læknisfræði í háskóla kannski fyrir þig.
Ef hún notar vatnsliti í listnámi,	þá getur hann haldið áfram og fengið MA-gráðu.
Ef þú ætlar að verða rafvirki,	þá verður verklegt verkefni erfitt.

Hér er búið að taka starfsheitin sem koma fyrir í kaflanum og lýsa störfunum stuttlega og hvar hægt er að læra fögin. Aftur má hugsa sér að búa til þörunarleik sem tveir nemendur vinna saman.

Félagsráðgjafi	... vinnur með timbur og byggir hús. Hægt að læra í Tækniskólanum í Reykjavík og einnig í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.
Bifvélavirki	... setur upp og lagar rafmagnstæki. Hægt að læra í Tækniskólanum í Reykjavík og í Verkmenntaskólanum á Akranesi.
Smiður	... lagar bíla og vélar. Hægt að læra í Borgarholtsskóla og í Verkmenntaskólanum á Akureyri.
Tannlæknir	... smíðar hluti úr málmi og viðheldur vélum. Hægt að læra í Verkmenntaskólanum á Akureyri og í Verkmenntaskóla Austurlands.
Vélvirki	... setur upp og lagar vatnskerfi. Hægt að læra í Tækniskólanum í Reykjavík og í Borgarholtsskóla.
Leikari	... klippir og litar hár. Hægt að læra í Fjölbautaskóla Suðurnesja og í Tækniskólanum í Reykjavík.
Hársnyrtir	... sér um húð- og förðunarmedferð. Hægt að læra í Fjölbautaskólanum í Breiðholti og í Menntaskólanum á Ísafirði.
Rafvirki	... malar vegg, hús og húsgögn. Hægt að læra í Tækniskólanum í Reykjavík og í Verkmenntaskólanum á Akureyri.
Kennari	... æfir leiklist og tekur þátt í sýningum. Hægt að læra í Fjölbautaskólanum í Garðabæ en líka í Listaháskólanum í Reykjavík.
Sjúkraliði	... gerir við tennur. Hægt að læra í Háskóla Íslands.
Pípulagningamaður	... annast sjúklinga og hjúkrun. Hægt að læra í Háskólanum í Reykjavík og í Háskólanum á Akureyri.
Snyrtifræðingur	... kennir nemendum í grunn- og framhaldsskóla. Hægt að læra í Háskóla Íslands.
Málari	... hjálpar einstaklingum og fjölskyldum. Hægt að læra í Háskóla Íslands.
Hjúkrunarfræðingur	... aðstoðar hjúkrunarfræðinga við umönnun. Hægt að læra í Fjölbautaskólanum við Ármúla og Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Upplestur af bls. 54–55. Grunnám í háskóla tekur þrjú ár. Mig langar að verða tannlæknir. Það er erfitt að komast í tannlæknánám. Þú ert góð í stærðfræði.

**Hlutverkaleikur með gervigreind. Spjall við námsráðgjafa.** Hér er lítið verkefni sem hægt er að vinna með gervigreind (t.d. ChatGPT eða Claude). Nemandinn getur skannað þennan QR-kóða og fær þá upp texta sem hann getur límt inn í gervigreind og spjallað við þykjustunámsráðgjafa um hvað hann langi að gera eftir að hafa lært íslensku.



Textinn: Hæ gervigreind! Þú ert námsráðgjafi. Þú talar á einfaldri íslensku (A1-stig). Spurðu einnar spurningar í einu. Byrjum á nafni: „Hvað heitir þú?“ Síðan spyrðu um aldur, búsetu, nám og áhugamál. Síðan hjálpar þú nemandanum að finna nám sem gæti hentað honum/henni út frá áhugamálum og styrkleikum. Nemandinn er að læra íslensku sem annað mál. Ég svara í stuttum setningum.

Hér er Kahoot úr kafla 5: <https://create.kahoot.it/details/97971f05-fb92-46d3-9df0-7154b8f1080f>

Hér er Quizlet úr kafla 5: <https://quizlet.com/is/1048593058/jaeja-2-kafli-5-flash-cards/?i=bboqr&x=1jqt>

## Kafli 6. Flottur jakki.

Í þessum kafla eru orð tengd fatnaði og litum rifjuð upp og fleirum bætt við. Einnig er aðeins rætt um frægt fólk og áhrifavalda. Kaflinn kallast á við ýmislegt í *Jæja 1* en í honum er kafað dýpra í orðaforða og efni.

Bls. 58–59. Hefðbundin ferð út í búð þar sem mætti leggja áherslu á orðin velja, máta, mátunarklefi, passa (ekki rugla við pissa), stærð, búðarkassi og afsláttur.

Myndina hér mætti svo prenta út og dreifa til nemenda (nú eða varpa henni bara upp á skjá og láta nemendur skrifa nöfn persónanna í stílabók). Lesið svo upp eftirfarandi lýsingu og látið nemendur skrifa nöfnin við hana. Ef kennari vill gera æfinguna aðeins erfiðari getur hann bætt við einni aukalýsingu neðst sem á ekki við neinn

Sajad er í síðbuxum og dökkum skóm. Hann er líka í bol með síðum ermum.


Lísa er í bláum skóm, appelsínugulum kjól og með hatt.

Árni er í dökku pilsu og bol og í skóm í sama lit.

Fransiska er í stígvélum og rauðum kjól.

Hlynur er í stuttbuxum og stuttermabol og í rauðum skóm.

(Albert er í brúnum stuttbuxum og appelsínugulum bol.)



**Hlutverkaleikur með gervigreind. Fatabúð.** Hér er lítið verkefni sem hægt er að vinna með gervigreind (t.d. ChatGPT eða Claude). Nemandinn getur skannað þennan QR-kóða og fær þá upp texta sem hann getur límt inn í gervigreind og spjallað við þykjustuafgreiðslumanneskju í búð sem aðstoðar hann/hana við að velja föt.



Þú ert afgreiðslumaður í fatabúð. Ég er viðskiptavinur. Við tölum á A1-stigi og spyrjum aðeins einnar spurningar í einu. Þú stýrir samtalinu, býður mér að velja föt, spyrð um stærð, lit, býður mér að máta, spyrð hvernig ég vilji borga og hvort ég vilji poka. Hrósaðu mér þegar ég skrifa góðar setningar og leiðréttu mildilega villur mínar.

Bls. 60. Það er upplagt að hjálpast að við að finna fleiri andheiti og skrifa orðin saman upp á töflu.

Hér má minna á sagnir sem fylgja fötunum.

Tala => að hneppa

rennilás => að renna upp/niður

reim => að reima

slaufa => að binda

Hér er svo mynd sem mætti bjóða nemendum að lýsa, hvort heldur sem er einni, tveimur eða öllum persónunum. Fötin eru valin miðað við blaðsíðu 60. Það má varpa myndinni upp og sýna nemendum þannig eða prenta út. Hér þarf að vera vakandi fyrir því að ef við segjum hann/hún er í ... kallar það á þágufall. Kennari verður að meta hvort það dugi að segja hún er í *úlpa* eða *úlp*. Einnig hvort það dugi að segja hún er í eða er með t.d. húfu, klút.



Bls. 61. Í framhaldi af umræðu um þágufall á bls. 60 mætti leika sér með að taka öll föt sem eru nefnd á síðunni og láta nemendur setja þau í nefnifall.

nærbol	Þetta er _____
peysu	Þetta er _____
úlpu	Þetta er _____
skó	Þetta er(u) _____
stuttermabol	Þetta er _____
þunnan jakka	Þetta er _____
sokka	Þetta er(u) _____
sandala	Þetta er(u) _____
sundskýlu	Þetta er _____
handklæði	Þetta er _____
þykka úlpu	Þetta er _____
trefil	Þetta er _____
vettlinga	Þetta er _____
skíðaskó	Þetta er(u) _____

Upplestur af bls. 57–62. Ég fer í nærbuxur og peysu í dag. Hún hneppir tölunni á buxunum. Hún kaupir bleika skyrtu í fatabúð. Ég nota handklæði til að þurrka mér.

Bls. 63. Þarna er verið að endurtaka ýmislegt úr *Jæja 1*, til að mynda orðið *notalegt*. Ef til vill er ástæða til að hnykkja á því og einnig orðunum *skammtur* og *að deila* (jafnvel merking úr stærðfræði líka).

**Hlutverkaleikur með gervigreind. Skyndibiti.** Hér er lítið verkefni þar sem hægt er að vinna með gervigreind (t.d. ChatGPT eða Claude). Nemandinn getur skannað þennan QR-kóða og fær þá upp texta sem hann getur límt inn í gervigreind og spjallað við þykjustuafgreiðslumanneskju á skyndibitastað sem afgreiðir hann/hana um mat.



Hlutverkaleikur. Þú ert afgreiðslumaður á skyndibitastað. Ég er viðskiptavinur. Við tölum á A1-stigi og spyrjum aðeins einnar spurningar í einu. Þú stýrir samtalinu, býður góðan dag og býður upp á 2–3 rétti. Spyrð hvað megi bjóða mér. Spyrð um meðlæti, sósur og drykki. Spyrð hvort ég vilji borða á staðnum eða taka með. Spyrð hvernig ég vilji borga. Hrósaðu mér þegar ég skrifa góðar setningar og leiðréttu mildilega villur mínar.

Þetta má prenta út og senda nemendur út af örkinni (gjarnan að tala við fleiri en bekkjarsystkini). Nemandinn þarf að finna einhvern sem á t.d. afmæli í nóvember. Þegar hann finnur þann einstakling á sá hinn sami að skrifa nafnið sitt í línuna. Hver einstaklingur má bara skrifa nafnið sitt einu sinni. Síðan skila nemendur blaðinu inn til kennara.

Finndu einhvern sem:

á afmæli í nóvember \_\_\_\_\_

hefur farið í Kringluna \_\_\_\_\_

á vestri \_\_\_\_\_

hefur farið í sund \_\_\_\_\_

hefur farið á skíði \_\_\_\_\_

ætla í háskóla \_\_\_\_\_

langar í nýja skó \_\_\_\_\_

á húfu \_\_\_\_\_

hefur notað trefil \_\_\_\_\_

kann að sauma tölu á föt \_\_\_\_\_

á stuttbuxur \_\_\_\_\_

hefur keypt skyrtu á Íslandi \_\_\_\_\_

finnst leiðinlegt að máta föt \_\_\_\_\_

langar að vinna í fatabúð \_\_\_\_\_

er með belti \_\_\_\_\_

er með rennilás \_\_\_\_\_

finnst franskar góðar \_\_\_\_\_

drekkur ekki kaffi \_\_\_\_\_

væri alveg til í te núna \_\_\_\_\_

á notalega úlpu \_\_\_\_\_

Bls. 64. Hér má biðja nemendur að kynna tónlistarmann/konu eða hljómsveit frá sínu landi og safna saman áhugaverðum staðreyndum um viðkomandi í svipuðum stíl og gert er á blaðsíðunni. Jafnvel má gera plakat og kynna efnið fyrir bekkjarfélögum.

Sé þetta gert að námsmatsverkefni mætti nota „rúbrikku“ eins og hér fyrir neðan, eða aðlaga hana.

Mælikvarði	1 – Þarf bætingu	2 – Nokkuð gott	3 – Gott	4 – Framúrskarandi
1. Innihald & staðreyndir	Mikið vantar eða rangar upplýsingar	Nokkur atriði vantar, eða staðreyndavillur eru til staðar	Flestir staðreyndir koma fram, vantar 1–2 smáatriði	Allar mikilvægar staðreyndir eru með (fædd/ur, afmæli, búseta, ferill o.s.frv.)
2. Tungumál & setningar	Mávilur trúfa skilning, lítið orðaforða	Nokkrar mávilur, stundum óskýrar setningar	Fáar mávilur, lykilstetningar eru skýrar	Orðaforði er réttur, lögð er áhersla á lykilorð, engar villur
3. Sjónrænt útlit & skipulag	Óskipulagt, erfitt að lesa eða sjá myndir	Einföld uppsetning, myndir eða texti óskipulagðir	Góð uppsetning með myndum og textablokkum	Ljósmyndir, litaval og uppsetning mjög aðlaðandi og vel samræmd
4. Munnleg framsetning	Mjög óskýr framburður. Erfitt að skilja	Munnleg tjáning óskýr í einni eða tveimur setningum	Talar að mestu skýrt, stundum þarf endurtekningu	Talar skýrt, notar orðaforða úr verkefninu og góð tók á setningum

Stig \_\_\_ / 16

Þess má geta að gervigreind er býsna flink að aðstoða við að gera svona „rúbrikkur“ og jafnvel gera þær gagnvirkar svo kennari þurfi bara að haka í viðeigandi reiti og hún sér um að reikna einkunn.

Bls. 65. Þarna mætti spyrja nemendur hvort þeir þekki einhverja áhrifavalda frá heimalandinu sem þeir vilji segja stuttlega frá.

Hér er Kahoot úr kafla 6: <https://create.kahoot.it/details/cc989b15-2ca2-4396-afca-8ed2ffbbf3b5>

Hér er Quizlet úr kafla 6: <https://quizlet.com/is/1048600346/jaeja-2-kafli-6-flash-cards/?i=bboqr&x=1jqt>

## Kafli 7. Hvar er draumurinn?

Þessi kafli fjallar um framtíðaráform og drauma. Að skipuleggja sig og fara í ferðalag. Við förum líka í matarboð og í atvinnuviðtal.

Bls. 67. Hér er verið að skoða framvindu með *fyrst, síðan, svo og að lokum*. Til að skerpa á skilningi á þessu má nota verkefnið hér fyrir neðan. Fyrir ofan er lausnin en fyrir neðan er búið að rugla setningarbrotnum. Það má klippa þetta niður og láta nemendur finna réttan titil, undir hvaða titli setningarbrotin eiga heima og í hvaða röð. Best væri að afrita töfluna, setja í word-skjal og prenta hana út með stillingunni *Landscape* til að seðlarnir verði sem jafnastir.

<b>Að vakna</b> Fyrst opna ég augun og kík á símann. Síðan fer ég inn á bað og pissa. Svo greiði ég hárið og bursta tennurnar. Að lokum fæ ég mér morgunmat.	<b>Að klæða sig</b> Fyrst klæði ég mig í sokka. Síðan fer ég í buxur og bol. Svo fer ég í skó. Að lokum klæði ég mig í úlpuna.
<b>Að fara í skólann</b> Fyrst geng ég út og man eftir að læsa hurðinni. Síðan geng ég út á strætóstoppistöð. Svo bíð ég eftir strætó og skoða símann minn. Að lokum kemur strætó og ég fer í skólann.	<b>Að elda</b> Fyrst hita ég vatn í potti. Síðan sker ég allt grænmetið. Svo steiki ég grænmeti og nautahakk. Að lokum sýð ég pasta og blanda öllu saman.

Svo greiði ég hárið og bursta tennurnar.	Svo fer ég í skó.
<b>Að fara í skólann</b>	Að lokum klæði ég mig í úlpuna.
Fyrst klæði ég mig í sokka.	Að lokum kemur strætó og ég fer í skólann.
<b>Að elda</b>	<b>Að vakna</b>

Fyrst opna ég augun og kíkí á símann.	Fyrst hita ég vatn í potti.
Síðan fer ég í buxur og bol.	Að lokum sýð ég pasta og blanda öllu saman.
Fyrst geng ég út og man eftir að læsa hurðinni.	Svo bíð ég eftir strætó og skoða símann minn.
Síðan fer ég inn á bað og pissa.	<b>Að klæða sig</b>
Síðan sker ég allt grænmetið.	Síðan geng ég út á strætóstoppistöð.
Svo steiki ég grænmeti og nautahakk.	Að lokum fæ ég mér morgunmat.

Einnig má biðja nemendur að búa til setningar með *mér finnst erfitt og mér finnst auðvelt*.

Bls. 68. Þarna koma fyrir orðin *hamingja, öryggi, frægð, peningar, fjölskylda, heimili, vinir og ferðalög*. Það er upplagt að taka þátt í þankahrið með nemendum og skrifa upp á töflu fleira sem þeim þykir mikilvægt og/eða eftirsóknarvert í lífinu. Ef engar hugmyndir koma fram má skjóta inn einhverjum af þessum hugtökum til að ýta samtalinu úr vör: Heilsa, frelsi, menntun, ástríða (eða áhugamál), traust, sanngirni, virðing, sköpun, vellíðan, samfélag, árangur, jafnrétti.

Bls. 69. Hér er upplagt að nýta framvinduurnæðuna á bls. 67 og láta nemendur segja *ef ég vinn 50 milljónir ætla ég fyrst ... síðan ... svo og að lokum*.

Upplestur af bls. 67–69. Fyrst þarf ég að vita hvað mig langar að gera. Ef ég vinn í lottó, þá ætla ég að fara í ferðalag. Mig langar að eiga fjölskyldu og heimili. Hamingja er mikilvæg fyrir mig í lífinu.

Bls. 70. Þessi síða kallast á við síður í *Jæja 1* og er í raun meira upprifjun en nýr orðaforði. Hér mætti þó nýta tækifærið og skoða veðurspár og veðurlýsingar með nemendum. Þarna eru slóðir á bæði [vedur.is](http://vedur.is) og [blika.is](http://blika.is) en auk þess mætti sem best spila veðurfréttatíma annaðhvort úr útvarpi eða sjónvarpi í boði [ruv.is](http://ruv.is).

Bls. 71–72

Hér mætti hugsa sér að setja nemendur í litla hópa og biðja þá að setja saman ímyndað ferðalag á Íslandi. Velja 2–3 staði, finna út hvernig er hægt að komast á þá, hvað er hægt að gera þar og jafnvel að segja hópnum frá því hvernig veðrið verður þar næstu daga. Vilji kennari nota þetta verkefni sem námsmat mætti hugsa sér að nota „rúbrikku“ eins og hér framar. Gervigreindin er boðin og búin að aðstoða við slíkt.

Bls. 73–74 Hér eru nokkur orð sem væri gaman að fá nemendur til að finna andstæðuna við.

Lítur vel út ⇔ \_\_\_\_\_

Skrýtin ⇔ \_\_\_\_\_

Hollt ⇔ \_\_\_\_\_

Sækja ⇔ \_\_\_\_\_

Rúmlega ⇔ \_\_\_\_\_

Nauðsynlegt ⇔ \_\_\_\_\_

Gott ⇔ \_\_\_\_\_

Heitt ⇔ \_\_\_\_\_

Hljómar vel ⇔ \_\_\_\_\_

Frábært ⇔ \_\_\_\_\_

Hlakka til ⇔ \_\_\_\_\_

Rosalega ⇔ \_\_\_\_\_

Bls. 75

**Hlutverkaleikur með gervigreind. Atvinnuviðtal.** Hér er lítið verkefni sem hægt er að vinna með gervigreind (t.d. ChatGPT eða Claude). Nemandinn getur skannað þennan QR-kóða og fær þá upp texta sem hann getur límt inn í gervigreind og farið í þykjustunniatvinnuviðtal.



Hlutverkaleikur. Þú ert atvinnurekandi og ég er að koma í atvinnuviðtal. Við tölum á A1-stigi og spyrjum aðeins einnar spurningar í einu. Þú stýrir samtalinu og byrjar á að bjóða góðan dag, spyrð mig um nafn, aldur, hvort ég hafi unnið áður og þá við hvað, hverju ég er góður/góð í og hverju ég hafi áhuga á. Hvað mig langi að gera í framtíðinni. Spurðu líka hvort ég sé samviskusamur/samviskusöm og stundvís. Hrósaðu mér þegar ég skrifa góðar setningar og leiðréttu mildilega villur mínar.

Hér er Kahoot úr kafla 7: <https://create.kahoot.it/share/jja-2-kafla-7/fb47bb29-2015-40eb-a13b-34cd59cd7e1d>

Hér er Quizlet úr kafla 7: <https://quizlet.com/is/1048605465/jaeja-2-kafla-7-flash-cards/?i=bboqr&x=1jqt>